



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Steinahlíð

2020 – 2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deilda	5
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	9
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
6 Foreldrasamvinna.....	10
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
8 Fylgigögn.....	11
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	12
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	13
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	14



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í leikskólanum Steinahlíð eru um 15 stöðugildi. Einhverjar breytingar geta verið á því eftir aldri og samsetningu barnahópsins hverju sinni. Börnin sem sækja leikskólann eru að yngjast nokkuð.

Starfsmannahald Steinahlíðar lítur nokkuð vel út. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á starfsmannahaldi á næstu misserum þó getur það að sjálfsögðu breyst. Við lítum þó full bjartsýni fram á veginn.

Veturinn 2019 – 2020 störfuðum við eftir námskrá sem var sérstaklega skrifuð fyrir elstu börn leikskólans. Við munum halda áfram að þróa og bæta þá námskrá. Að auki má nefna að á skipulagsdögum síðasta vetrar hófst vinna við skólanámskrá skólans. Við munum halda áfram að vinna í henni næsta vetur. Um er að ræða nokkuð tæmandi lýsingu á því hvernig við vinnum og af hverju við vinnum þannig.

Nýverið var gefin út menntastefna Reykjavíkurborgar sem nær til ársins 2030. Í menntastefnunni koma meðal annars fram fimm grundvallarþætti. Þættirnir eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Við stefnum ótrauð að því að efla okkur í öllum þessum þáttum á komandi vetri. Þessir grundvallarþættir rúmast ágætlega fyrir í þeim áhersluatriðum sem nefnd eru hér að neðan. Starfsfólk notaði veturinn til þess að móta starfsaðferðir og til þess þróa samvinnu milli deilda. Verið er að vinna að því að skapa hefðir og festa ákveðnar vinnuaðferðir frekar í sessi. Við höfum tekið ákvörðun um að leikskólinn hafi svokallaða þátttökuaðlögun. Hópastarf hefur verið fest betur í sessi og stefnum að því vinna enn frekar að útinámi. Við höfum komið á sameiginlegum söngstundum annan hvern föstudag. Nú í sumar höldum við

áfram að þróa verkefni sem við köllum Útiskóla. Við nýtum Úthlíð sem aðsetur fyrir elstu börn leikskólans. Við höfum skipulagt nokkuð af ferðum og öðrum skemmtilegum verkefnum sem henta þeim sérstaklega. Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar afleysingarþjónustu. Um er að ræða miðlæga starfsmannamiðlun þar sem aðalega námsmenn skrá sig, leikskólar geta svo haft samband við afleysingarþjónustu og óskað eftir starfsmönnum í tiltekinn tíma. Þetta aðstoðar okkur við það að standa vörð um faglegt starf þegar faliðun kemur upp.

Við teljum okkur hafa allar forsendur til þess að bæta skólann okkar. Við viljum leggja áherslu á ákveðna þætti til þess að öllum sem að skólanum koma líði vel. Þættirnir sem við viljum leggja áherslu á eru:

Öryggi og vellíðan. Barni sem líður vel er tilbúið að læra og skoða heiminn og takast á við þær áskoranir sem þar er að finna. Starfsfólki sem líður vel er tilbúið að gefa af sér og leiðbeina börnum á þeirri vegferð sem þau eru á. Vellíðan í starfsmannahópnum eflir samstarf og glæðir allt líf í leikskólanum. Ánægðir foreldrar styðja við leikskólastarfið, þeirra ánægja smitast til barnanna.

Útinám og umhverfi. Leikskólinn Steinahlíð hefur yfir einstakri lóð að ráða. Hún er stór og á henni má finna fjölbreyttan gróður og náttúrufyrirbæri. Lóðin býður upp á mörg námstækifæri sem þarf að nýta til náttúrufræðslu, ræktunar, félagsfærni og fleiri þátta.

Skapandi og örvandi leikskólaumhverfi. Sköpun er afskaplega breytt hugtak sem má túlka á marga vegu. Kennarar skólans eru hvattir til sköpunar í víðum skilningi þess orðs. Við viljum nýta sérstöðu hvers og eins og vitum að það eru til margar leiðir að sama markmiði, engin ein leið er sú eina rétta. Mikilvægt er að nýta allar byggingar leikskólans vel í þágu allra.

2 Innra mat Laut

Umbóta- þættir Laut	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihóp ur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Meira útinám	Stefnum á meira skipulagt starf utandyra	Skipuleggjum hópastarf í útinámi eins og hægt er	Hefst haustið 2019 og er metið vorið 2020.	Deildarstjóri ber ábyrgð á skipulagi og starfsmenn sem sjá um hópastarf aðstoða við skipulagningu og framkvæmd.	Endurmetið við innra mat vorið 2020. Hversu mörg verkefni voru unnin í útinámi? Hversu margar stundir í hópastarfi voru utandyra?	Upplifun starfsfólks.
Skipulagt hópastarf	Stefnum á að hópastarf sé á föstum tímum, þrisvar í viku og skipulagt fram í tímann út frá viðmiðum um mál-og leikþroska barnanna.	Með því að gæta þess að starfsfólk fái sinn undirbúningstím a og hann sé nýttur til þess að skipuleggja hópastarf.	Skólaárið 2019-2020	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Stefnt er á að halda reglulega deildarfundi til þess að meta árangur og fara yfir næstu skref. Einnig að ræða við innra mat vorið 2020.	Miðað verður við fjölda vikna sem tókst að halda uppi skipulögðu hópastarfi og upplifun starfsfólks.



Innra mat Kjarr

Umbóta- þættir Kjarr	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgða- raðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hópastarf	Hópastarf var 3x í viku, gekk vel fyrir áramót. Illa gekk að halda skipulögðu hópastarfi eftir áramót vegna verkfalls og Covid-19.	Hópastarfið var fest niður í skipulagi deildarinnar og gekk vel að fylgja því.	Hópastarfið hefst í byrjun október og lýkur í maí.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að hafa gott skipulag og allir starfsmenn deildarinnar framkvæma.	Endurmat á deildarfundi í desember og skriflegt endurmat í maí. Ákveða þema fyrir næsta hópastarf.	Að bæði börn og starfsfólk eflist í samskiptum og læri nýja hluti.
Listsköpun	Listsköpun í hópastarfi gekk vel fyrir áramót. Erfiðlega gekk að halda skipulögðu hópastarfi eftir áramót vegna verkfalls og Covid-19.	Listsköpun í hópastarfi var sett inn í dagsskipulagi ð og gekk vel að fylgja því. Halda því áfram.	Byrjun október til maí ár hvert.	Deildarstjóri og hópstjóri bera ábyrgð. Hópstjóri framkvæmir.	Endurmat á deildarfundi í desember og skriflegt endurmat í maí. Ákveða þema fyrir næsta hópastarf.	Að upplifun barnanna og ferlið sjálft skiptir meira máli en útkoman sjálf.
Útinám	Útinámið gekk vel fyrir áramót. Erfiðlega gekk að halda útinámi eftir áramót vegna verkfalls og Covid-19.	Útinámið var sett inn í dagsskipulagi ð og gekk vel að framfylgja því.	Byrjun október til maí ár hvert.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að skipuleggja útinám, setja það í skipulag, og hópstjóri sér um að framkvæma.	Endurmat á deildarfundi í desember og skriflegt endurmat í maí.	Að öllum líði vel, læri nýja hluti og efli samskipti. Börnin þekki og beri virðingu fyrir umhverfinu.



Bókaormur	Byrja aftur með bókaorminn á deildinni næsta haust.	Setja bókaorminn í dagsskipulagi ð.	Byrjun október til júní/júlí ár hvert.	Allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð.	Endurmat á deildarfundi í maí.	Að börnin læri að hlusta á ólíkar sögur og fái meiri fjölbreytni í sögulestri. Að vekja áhuga þeirra á bókum.
Lubba- stund	Að gera skipulagðari Lubbastundir á deildinni fyrir haustið.	Setja inn í dagsskipulagi ð hvenær Lubbastundir eiga að vera og hvað á að taka fyrir hverju sinni.	Allt árið.	Deildarstjóri ber ábyrgð á að skipuleggja Lubbastundirnar og allir starfsmenn bera ábyrgð á að framfylgja skipulaginu.	Endurmat á deildarfundi um áramót og skriflegt endurmat í maí ár hvert.	Að börnin læri helstu málhljóðin og þekki til dæmis stafinn sinn í útliti.



Innra mat Hlíð

Umbóta- þættir Hlíð deild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar- aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmi r?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulagið	Setja fastari skorður á hlutverk og staðsetningu starfsmanna t.d. hver sér um hvíld. Allir starfsmenn sáu meðvitaðir um sitt hlutverk.	Búa til sýnilegt skipulag. Gera hlutverk hvers og eins skírari og vera dugleg að minna hvort annað á.	Haut 2020 og lokið maí 2021.	Starfsfólk Hlíðar.	Deildarfundir veturinn 2020-2021.	Ánægja starfsmanna. Starfsþróunarsa mtöl.
Hópa- starfið	Gekk vel þar til verfall Eflingar og Kovid-19 gekk í garð. Setja inn endurmat á hópastarfinu.	Höldum áfram því skipulagi sem var. Festa fundi 1x í mánuði með börnunum.	Sept. 2020 – maí 2021.	Starfsfólk deildarinnar í samráði við deildarstjór a	Deildarfundir. Meta hópastarfið á deildarfundu m yfir veturinn. Hafa samráðsfundi með börnunum.	Að allir taki þátt í því sem gert er, séu ánægðir og líði vel. Ánægja starfsmanna og barna. Starfsþróunarsa mtöl og samráðsfundir.
Ferilmappa	Koma inn ferilmöppum fyrir hvert barn.	Ákveða hvað á að fara í möppuna með starfsfólkinu.	Veturinn 2020 - 2021	Deildarstjór i.	Reglulegir fundir með starfsfólki.	Í lok hvers vetrar er farið yfir hverja möppu og metið hvað má gera betur og hvað er gott.
Skólahópur	Að fá verkefni við hæfi.	Halda áfram því skipulagi sem var.	Sept. 2020 – maí 2021	Deildarstjór i.	Reglulegt endurmat á deildarfundu m.	Verkefnatímar hjá skólahóp verða 3x í viku.

Upplýsinga flæði	Gott að skrifa dagskrá vikunnar upp á töfluna í upphaf hverrar viku. Halda áfram að nota dagbókina. Halda áfram að vera með dagatal í fataklefanum fyrir börnin.	Skrá alla atburði, frí, skrepp ofl. í dagbók sem er síðan skrifað upp á töfluna í upphafi hverrar viku.	Alltaf.	Samstarf milli deildarstjóra og starfsmanna á deild.	Reglulegt endurmat á deildarfundum.	Að allir starfsmenn séu með á nótunum hvað varðar skipulag vikunnar.
-------------------------	--	---	---------	--	-------------------------------------	--

3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars 2020. Starfsmenn fengu spurningar sem þeir voru beðnir um að svara. Viðtölin voru svo tekin hér í Steinhlíð, einn starfsmaður kom í einu og ræddi um það sem vel er gert hér í leikskólanum og einnig hvað betur mætti fara. Segja má að starfsmannahópurinn sé ánægður heilt yfir. Til marks um það má benda á þann stöðugleika í starfsmannahaldi sem nefndur var hér að ofan. Eitthvað er um að fólk hyggi á frekara nám, þeir einstaklingar hafa allir komið að máli við leikskólastjóra og beðið um vinnu með skóla.

Margir starfsmenn töluðu um að þeir vildu efla útinám barnanna, þó nokkrir vildu skerpa á skipulagi inni á deildum. Verið er að vinna að báðum þessum þáttum, sú vinna mun halda áfram næsta vetur.

Fræðsla yfir veturinn hefur meðal annars falist í því að við höfðum fengið fyrirlestur um tengslavanda barna og leiðir til þess að aðstoða börn með slíkan vanda. Við höfum fengið fræðslu um málörvun og ýmis námskeið sem tilheyra sérkennslu. Þar má nefna íslenska málhljóðamælinn. Starfsfólk hefur einnig farið á námskeið um notkun TRAS lista. Um er að ræða skimun á þorska barna. Þrír starfsmenn hafa nú þegar skráð sig á námskeið sem haldið verður í september og snýst um eftirvinnslu og verkefnavinnu út frá niðurstöðum TRAS. Einn starfsmaður fór á EFI-2 námskeið og eru því tveir starfsmenn í húsi sem hafa réttindi til þess að taka þá skimun á börnum. EFI-2 er málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári. Barn og leikskólakennari eiga rólega stund og skoða saman myndabók. Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er stöð í málþroskaferlinu. Tilgangurinn er að finna þau börn sem þurfa á stuðningi að halda. Fyrir börn í málþroskavanda skiptir snemmtæk íhlutun höfuðmáli. Gufunesbær hefur verið að bjóða upp á námskeið er snúa að útikennslu. Starfsmenn hafa verið hvattir til þess að skrá sig á slík námskeið. Reyndari starfsmenn fóru með allan starfsmannahópinn í gönguferð um lóðina og komu með uppástungur um verkefni sem hægt væri að vinna á tilteknum

stöðum á lóðinni. Áfram verður lögð áhersla á svipaða þætti er kemur að fræðslu og símenntun næsta vetur.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Í byrjun skólaársins var komið á mánaðarlegum heimsóknum í Vogaskóla og bókasafnið þar, einnig var farið í leikfimitíma hjá 1. bekk. Krakkar úr 8. bekk Vogaskóla komu og lásu fyrir börnin á elstu deildinni og börnin í 1. bekk komu með vasaljós og skoðuðu garðinn okkar í myrkrinu. Elstu börn leikskólans hafa námskrá sem starfað er eftir. Vegna Covid-19 hefur ýmislegt fallið niður það sem af er árs 2020, svo sem ýmsar heimsóknir milli leikskóla í hverfinu, fleiri heimsóknir í Vogaskóla og heimsókn í frístundaheimilið Vogasel. Við fengum þó heimsókn frá elstu börnunum og kennurum í leikskólanum Langholti í júní og var mikil gleði og kátína í hópnum. Þrátt fyrir lítið samstarf, vegna aðstæðna í samfélaginu, lítum við á þetta sem sóknartækifæri að hefja þetta samstarf af krafti á næsta skólaári.

5 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er rekið foreldrafélag og foreldraráð. Foreldrafélagið hefur stutt við leikskólastarfið með því að gera okkur kleift að koma inn með ýmsar skemmtanir og ferðir sem litað hafa leikskólastarfið á mjög jákvæðan hátt. Kosið er í foreldrafélagið og foreldraráðið að hausti til. Miðað er við að fá einn til tvo foreldra frá hverri deild að lágmarki í foreldrafélagið, eitt foreldri af deild í foreldraráð. Foreldrafélagið hittist hér í leikskólanum um það bil tvisvar á hverri önn og ræðir það sem framundan er ásamt leikskólastjóra. Foreldraráð hittist sjaldnar, meira er um samskipti í gegnum tölvupóst. Einn af lykil þáttum í góðu leikskólastarfi er gott foreldrasamstarf. Slíkt samstarf þarf að vera byggt á gagnkvæmu trausti og virðingu. Undirritaður leggur áherslu á að vinna vel, fljótt og örugglega að öllum þeim málum er lúta að foreldrasamskiptum. Foreldrar eiga þannig ekki að þurfa að bíða lengi eftir svari við spurningum sem beint er til leikskólans. Við lítum á foreldra sem sérfræðinga í sínu barni, þeirra sýn og álit skiptir okkur því miklu máli. Uppfærsla og rekstur heimasíðu skólans hefur ekki gengið sem skildi. Við erum að prófa okkur áfram með það að nota viðverukerfi skólans til þess að koma myndum til skila til foreldra. Kerfið heitir Vala. Tveir starfsmenn frá okkur fóru í heimsókn á annan leikskóla sem hefur nú þegar tileinkað sér slíka vinnslu mynda. Við erum því bjartsýn á að það horfi til betri vegar með samskipti við foreldra í gegnum tölvu.



6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í leikskólanum eru sex talsins líkt og í öðrum leikskólum borgarinnar. Þessa daga er leikskólinn lokaður. Þrír af þessum sex dögum eru sameiginlegir með grunnskóla hverfisins sem er Vogaskóli. Þeir þrír dagar sem eru sameiginlegir með grunnskólanum eru:

Föstudagurinn 21. ágúst

Föstudagurinn 9. október

Mánudagurinn 10. maí .

Aðrir starfsdagar skólans eru:

Mánudagurinn 18. janúar

Föstudagurinn 23. apríl

Mánudaginn 26. apríl

Starfsfólk skólans hyggur á náms- og kynnisferð erlendis 23. – 26. apríl 2021. Það er ástæða þess að skipulagsdagar eru hafðir með svo stuttu millibili.


7 Fylgigögn

7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Steinhlíðar



Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	0	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	7	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	1	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	nei	11.08.20
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	nei	11.08.20
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	nei	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Nei	11.08.20

Þetta ár hefur verið einkennilegt og einkennst af raskaðri kennslu, fyrst með verkafalli og svo vegna Covid-19. En við höfum náð að nýta þennan tíma vel og undirbúið kennslu næsta árs vel. Síðastliðið ár hafa ekki verði sérkennslubörn í leikskólanum sem hafa þurft á stuðningi að halda. En hér eru hins vegar mörg börn sem eru nýbúar á Íslandi og því hefur áherslan færst yfir í málörvun. Undanfarið ár hefur sérkennslustjóri tekið börn í málörvunartíma, tekið virkan þátt í málörvun í náttúrulegum aðstæðum og miðlað þekkingu til annara starfsmanna deildanna um málörvun.

Það er engu að síður ýmislegt sem hægt væri að bæta s.s. samvinnu á milli sérdeildar og annara deilda leikskólans. Heimsóknir sérkennslustjóra á yngri deildar leikskólans og fundir á milli deildarstjóra og sérkennslustjóra til að meta þarfir deildarinnar mættu vera tíðari.

Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Nei	Við höfum lagt áherslu á íslenskuna. Við höfum þó verið að afla okkur þekkingar á þessu sviði, fengum góðan fyrirlestur um tvítyngi
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Starfsfólk setur orð á hlutina og talar við börnin, dæmi: Sjáðu! Þarna er byggingarkrani, hann er að hífa upp timbur.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Já það er gert í daglegum aðstæðum og í einhverjum tilfellum í markvissri málörvun. Bækur er lesnar á hverjum degi fyrir börnin. Mætti vinna markvissara að þessum þætti.
Er fylgst með framförum barnanna?	Nei	Við fylgjumst með hverju barni fyrir sig, mætti þó vera markvissara. Ef fagfólk skólans metur málþroska barns óeðlilegan er strax brugðist við því. Við fylgjumst einnig sérstaklega með tvítyngdum börnum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Þessi vinna fer fram. Hún mætti vera markvissari. Við aðstoðum börn við að setja orð á hlutina, hvetjum þau áfram þegar þau sýna ritmáli áhuga, við útskýrum merkingu orða þegar þau koma upp.



Fylgiskjal 3

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun.

Foreldraráð telur að leikskólinn sé mjög heppinn með starfsfólkið sem þar starfar. Starfsmenn gæta öryggi barna til fyllstu og koma fram af mikilli virðingu og hlýju við börn og foreldra. Gott aðgengi er að leikskólastjóra og deildarstjórum og bregst leikskóli fljótt við ábendingum foreldra.

Foreldraráð gleðst yfir því að flestir starfsmenn sem nú starfa í leikskólanum hyggist halda áfram í Steinhlíð næsta haust og bendir það til þess að vel sé hugsað um vellíðan starfsmanna.

Foreldraráð vill sérstaklega hrósa stjórnendum leikskólans og öðru starfsfólki leikskólans fyrir hversu vel gekk í erfiðum og krefjandi aðstæðum í vetur vegna verkfalla og covid-19. Upplýsingaflæði til foreldra var mjög gott og vel haldið utan um skipulag. Áberandi var að vellíðan barnanna og öryggi barna og starfsfólks var í fyrirrúmi í öllu því skipulagi og skerðingu leikskólavistar sem aðstæður kröfðust.

Samkvæmt innra mati leikskólans stefna allar deildir leikskólans á að efla hópastarf og útinám næstkomandi vetur. Í umbótaáætluninni kemur meðal annars fram að auka þurfi rými fyrir starfsfólk til að skipuleggja stundirnar og hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á ákveðnum verkefnum. Foreldraráð telur mikilvægt að halda við öflugum faglegu starfi þar sem meðal annars er unnið markvisst út frá þeim fimm grundvallarþáttum sem koma fram í nýútgefinni menntastefnu Reykjavíkurborgar. Til þess að nálgast þau markmið teljum við mikilvægt að leikskólinn móti sér skýra stefnu í því hvernig undirbúningi starfsmanna, bæði faglærðra og ófaglærðra, sé háttað. Einnig teljum við mikilvægt að í upphafi leikskólaárs verði gerð áætlun um hvernig faglegu starfi verði viðhaldið ef til mannekleu kemur.

Á fundi með foreldraráði ræddi leikskólastjóri um að stefnt væri á að gera sér námskrá fyrir elsta hópinn og óskar leikskólaráð eftir því að það komi fram í áætluninni.

Foreldraráð er ánægt með sérkennsluáætlun leikskólans og þeirri fjölbreyttu endurmenntun sem starfsfólk hefur fengið tækifæri til að sinna síðastliðið leikskólaár.

Foreldraráð óskar enn eftir læsisstefnu Steinhlíðar eins og stefnt var að í námsskrá 2015.



Foreldraráð lítur björtum augum á komandi vetur og starfsandinn í leikskólanum virðist vera góður. Við finnum fyrir miklum eldmóð og jákvæðni hjá starfsfólki.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Lena Björg Rúnarsdóttir
Silja Björk Egilsdóttir
Sigríður Laufey Gunnlaugsdóttir
Sólveig Ösp Haraldsdóttir
Ásta Björnsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.



- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



Umsögn foreldraráðs:



Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Steinahlíð**

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Skírdagur	1 L	Verkalyösdagurinn	1 Þ		1 F	
2 S	Fridagur verslunarmanna	2 M		2 F		2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Föstudagurinn langi	2 S		2 M		2 F	
3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 L	
4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 F		4 M		4 F		4 F		4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F		4 S	
5 M		5 L		5 M	Foreldravíðtöl Laut	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Dagur stærðfræðinnar	5 F		5 M	Annar í páskum	5 M		5 L		5 M	
6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		6 M	Brettándaglegði	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	
7 F		7 M		7 M		7 L		7 M	Baráttudagur gegn einelti	7 F		7 S		7 S		7 M		7 F		7 M		7 M	Sumarlökun
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S		8 Þ		8 F		8 M		8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	Opnum 5. ágúst 2021
9 S		9 M		9 F	Skipulagsdagur	9 M		9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 F	
10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 M		10 L		10 M	Skipulagsdagur	10 F		10 L	
11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 F	Litlu jólin	11 M		11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 F		12 M		12 M		12 L		12 M	
13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ		13 F	Uppstigningardagur	13 S		13 Þ	
14 F		14 M		14 M		14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F		15 M	Bolludagur	15 M	Foreldravíðtöl Laut	15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ	Foreldravíðtöl Laut	16 F		16 S		16 M	Drulmallsdagur	16 F	
17 M		17 F		17 L		17 Þ	Foreldravíðtöl Laut	17 F		17 S		17 M	Óskudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Lyðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 F		18 M	Skipulagsdagur	18 F		18 F	Foreldravíðtöl Kjarr	18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 F	Foreldravíðtöl Kjarr	19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F		20 S		20 Þ	Foreldravíðtöl Kjarr	20 F	Dagur mannréttinda barna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ		20 F	Útskrift barna fædd árið 2015	20 S		20 Þ	
21 F	Skipulagsdagur	21 M		21 M	Foreldravíðtöl Kjarr	21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M		21 F	Útskriftarferð	21 M		21 M	
22 L		22 Þ		22 F	Vetrarleyfi	22 S		22 Þ		22 F	Bóndadagur - Pabba og afa kaffi	22 M	vetrarleyfi	22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M		23 F	Vetrarleyfi	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ	vetrarleyfi	23 Þ	Foreldravíðtöl Hlíð	23 F	Skipulagsdagur	23 S	Hvítasunnudagur	23 M		23 F	
24 M		24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M	Foreldravíðtöl Hlíð	24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F		24 L	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F		25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagurinn	26 M	Foreldravíðtöl Hlíð - Vetrarleyfi	26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F	Ömmu og mömmu kaffi	26 F		26 M	Skipulagsdagur	26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		27 Þ	Foreldravíðtöl Hlíð	27 F		27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ	
28 F		28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmásunnudagur	28 M		28 F		28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F				29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 F	
30 S		30 M		30 F		30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F	
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M				31 L	